

Trúin, syndin og línan: Hugmyndafræði Borgarlínunnar

Eftir Jónas Elíasson

Morgunblaðið | 23. júlí 2020 | Aðsent efni | 662 orð | 2 myndir

Borgarlínan er fundin upp af pólitískum ástæðum, eftiröpun antibílista á norskum vegi. Útfærslan er stórhættuleg ef tekið er mið af íslenskum aðstæðum.

Það er erfitt að átta sig á hvað vakir fyrir fólki sem vill stífla þjóðvegina fyrir einkabílum, þrátt fyrir þann efnahagslega skaða sem það veldur atvinnulífínu sem og menningarlegri afturför. Engin skynsemisrök benda í þessa átt. Til þess að skilja þetta þarf að leita á svið trúarbragðafræða.

Trúin

Til er sú trú, antibílismi, að einkabíllinn sé af því vonda. Ekki svo slæm trú sé hún iðkuð í hófi, hún á sinn þátt í því að einkabílar í dag vega ekki nema þriðja part, og eyða ekki nema fjórða parti, af því sem var fyrir um 50 árum ef fólk kaupir sparneytinn bíl.

En eins og í öðrum trúarbrögðum hafa þróast sértrúarhópar í þessum söfnuði sem eru sannfærðir um að einkabíll sé synd. Synd gegn umhverfinu, loftslaginu og náttúrunni. Þá skiptir engu máli að útblástur og mengun einkabíla er afar lítil miðað við aðra þætti. Að útrýma þeim lagar loftið ekki neitt.

Syndin

Íslenskir sértrúarflokkar eins og Hjalpræðisherinn og aðventistar komu frá Noregi. Þeir hafa reynst ágæt viðbót við trúarlíf Íslendinga en sama verður ekki sagt um antibílistana, þeir eru nú í óðaönn að herma eftir Noregi og það í miklu stærri stíl en þeir, og ætla greinilega að gera mun betur. Þeim finnst ekki nóg að flestir Íslendingar eru forhertir syndarar sem eiga bíl, heldur er syndin svo lævis og lipur að margir af hinum trúuðu láta freistast og fá sér bíl eða fá lánaðan bíl til að fara á fundi og þess háttar. Sem sagt, ekki gott.

Gegn þessu er ekki nema ein leið, að gera miklu betur en þeir í Noregi. Gefa fólki fullkomið frelsi til að velja sannleikann, og aðeins hann. Valið skal standa á milli þess að hjóla, ganga eða að ferðast með Borgarlínu. Að velja syndina er ekki til umræðu. Sannleikurinn mun gera yður frjálsa (Jóh. 8.31–32).

Línan

Á meðfylgjandi mynd má sjá Vaulevejen í Stavanger sem er fyrirmyndin að Borgarlínunni. Embættismenn og ráðgjafar fengu fyrirmæli um að teikna svona veg. (www.youtube.com/watch?v=uaC71NpSIbg)

Þetta er vegur 44 í Stavanger. Hann er gerður samkvæmt eldri tillögum, nema 60 % vegarins í miðjunni eru tekin undir strætó og þar mega aðrir ekki vera. Þetta stíflar fjölfarna vegi gersamlega á álagstímum fyrir allri umferð nema strætó.

Vegurinn er lokaður inni með girðingu, en gönguop eru á stöku stað. Meiningin er að fólk komi þar í gegn, gangi að næstu stoppistöð og fari þar yfir akbrautina inn á reinarnar sitthvorumegin við strætóbrautina. Menn geta ímyndað sér hvernig það gengur við íslenskar aðstæður að skjótast yfir akbrautina inni á milli bíla sem snemma á morgnana og á kvöldin geta verið á 60-80 km hraða. Í íslensku myrkri og misjöfnum veðrum er þetta hrein dauðagilda fyrir börn og eldri borgara. Til að mæta þessari hættu voru sporvagnarnir lagðir niður á sínum tíma. Að setja strætó á sama stað og gömlu sporvagnana er bilun.

Er þetta þá svona í Stavanger? Nei, þetta er ekki svona í Stavanger. Við hliðina á vegi 44 er annar vegur, Motorveien E39. Stærsti og dýrasti bílvegur í Noregi og Evrópu allri. Bílvegur sem þverar alla norsku firðina frá Bergen til Þrándheims og þar eru verkfræðilegar lausnir sem vekja aðdáun um allan heim. Ef herma á eftir Stavanger, af hverju er E39 ekki valinn? Það væri fínt að fá einn svoleiðis þó ekki væri nema frá Reykjavík til Keflavíkur. En að hugsa þannig er víst synd. Nánar tiltekið hugrenningasynd en þær geta verið hinar verstu syndir samkvæmt gömlum textum. Og Reykjavík stendur gegn allri synd með öllu sínu skipulagsvaldi.

Svo Stavanger skal það vera. Þrátt fyrir að kostnaðurinn sé Reykjavík, sem er að verða gjaldþrota, gersamlega ofviða. En Stavanger kunni ráð við því og notaði það áður en þeir lögðu sína línu. Þeir fundu olíu. Þeir fundu Ekofisk-svæðið sem er búið að vera auðsuppspretta Stavanger í 50 ár. Hvernig væri nú að beina öllu sínu trúarlega afli í að finna olíu? Borgarlínan má bíða á meðan og í 50 ár í viðbót. Það mun enginn sakna hennar.

Höfundur er prófessor. jonaseliassonhi@gmail.com